

Snemmtæk íhlutun í málþroska leikskólabarna

Heilsugæslan

Við hvetjum alla foreldra til að fara með börn sín í 18 mánaða, 2 ½ árs og 4 ára skoðun á heilsugæslustöðina, þar sem m.a. er lagður spurningalisti fyrir foreldra (PEDS) og Brigance þroska prófið er lagt fyrir barnið. Ef barnið nær ekki aldursvarandi viðmiðum í ungubarnaeftirliti er haft samband við starfsfólk leikskólans með samþykki forráðamanns og í framhaldi er tekin ákvörðun um hvort þörf sé á að senda beiðni á skólaláttunustu leikskóla um nánara mat.

Einnig er hægt að fara með barnið til heimilislæknis/barnalæknis til að fá það metið hvort heyrn eða tunghaft hafi áhrif á máltöku barnsins.

Leikskólinn

- Sinnir snemmtækri íhlutun, sem þýðir að við leggjum okkur fram að ýta undir og efla málþroska hvers og eins barns. Þetta gerum við t.d. með því að hafa orð á öllu, lesa bækur, nota fjölbreyttan orðaforða, ýta undir orðanotkun og setningarmyndun hjá barninu. Lögð er áhersla á að hvert og eitt barn eigi gæðastundir í spjalli við fullorðna yfir daginn. Kennsluefni sem við notum fyrir utan allt ofan talið er t.d. Lubbi finnur málbein www.lubbi.is, Vinátta með Blæ <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu> þar sem unnið er t.d. með orð yfir tilfinningar og óhlutbundna þætti, lestur og söngur, táknið með tali www.tmt.is. Eins er TRAS frá 2.2.

ára aldri <https://mms.is/tras> og 5 ára börn fara í Hljóm-2 <https://mms.is/hljom-2>

- Fyrir mörg börn virkar vel myndrænt skipulag og myndræn boðskipti.
- Leikur með tungumálið, bullurím og taktur er einnig eitthvað sem markvisst er notað til málörvunar í leikskóla ásamt því að spila sem er mikil málörvun er í.

Heimilið

- Það sem heimilið getur gert er t.d. hafa orð á öllu og tala mikið við barnið. Lesa bækur, syngja með barninu og jafnvel að nota myndræn boðskipti. Þegar barnið talar að svara því á jákvæðan hátt t.d. ef barn segir á sinn hátt að það vilji fara í úlpu svara “já viltu fara í úlpuna” svo barnið fái ávallt jákvæð viðbrögð við tilraunum til að tjá sig með orðum. Stundum fellur maður í þá gryfju að leiðréttu barnið í stað þess að játa og endurtaka það sem barnið sagði á jákvæðan máta.
- Að nota TMT er auðvelt að tileinka sér og hjálpar það mörgum börnum sem ekki eiga orð yfir hlutina.
- Málhljóðin hans Lubba eru einnig eitthvað sem auðvelt er að tileinka sér og hægt er að fá Lubba bókina á bókasöfnum eða jafnvel að eignast hana ef fólk hefur áhuga á því. Með bókinni fylgir geisladiskur með lögnum í bókinni.
- Spila við barnið og leika við það í hlutverkaleikjum.
- Leika sér með tungumálið, bulluríma og slá taktinn örvar allt málþroska barnsins.

Vonandi eru þetta þættir sem hjálpa eitthvað til við að sjá hvaða leiðir er hægt að fara. Ef um frávík ræðir hjá barni í málþroska þá er auðvitað farið þá leið að sækja um hjá talmeinafræðingi sem hjálpar til við þá þætti sem snúa að sérfræðipækkingu þeirra.

Einnig er hægt að benda á að inni á heimasíðu Heyrna og talmeinastöðvarinnar má finna góð ráð og punkta um málþroska barna

<https://hti.is/index.php/is/tal/malthroski-barna.html>

<https://hti.is/index.php/is/tal/throun-mals-tals-barna.html>

<https://hti.is/index.php/is/tal/almenn-malvorn-barna.html>